# HÚS OG HÍBÝLI

NR. 327 • 2.TBL. • 2015 • VERÐ 1995 KR.

8 SMART INNLIT



## TRENDÍ
INNANHÚSSARKITEKT Í MIÐBÆNUM

SÖGUFRÆGA HÚSIÐ **HÖFÐI**

HEIMSÓKN TIL **LOUIS POULSEN** Í KAUPMANNAHÖFN

**&TRADITION** – ALLT ÞAÐ NÝJASTA!

**GLÆSIHÚS Í GARÐABÆ**

**ÍTÖLSK HÖNNUN HJÁ LÆKNI Í KÓPAVOGI**

**HLÍN REYKDAL**

**KLÆÐSKERI Í FALLEGRI KJALLARAÍBÚÐ**

**RÓMANTÍSKT OG TÖFFARALEGT HJÁ MYNDLISTARHJÓNUM**

5 690691 190002



**Tineka Beunders og Nathan Wierink eru stofnendur og hönnuðir Ontwerpduo. Þau elska að hanna ævintýralegar vörur og vörumyndirnar þeirra tala sínu máli.**

Split Mirror er samsettur úr þremur speglum til að sjá sig á alla kanta, það hlýtur að vera draumur hverrar stúlku.

# ÆVINTÝRALEG HÖNNUN

Ontwerpduo er ungt hönnunarstúdíó á hraðri uppleið og skipar hjónin Tineke Beunders og Nathan Wierink. Þau stofnuðu fyrirtækið árið 2005 á meðan þau voru enn í námi og útskriftarárið 2008 voru þau farin að selja hönnun sína út um allan heim. Í dag eru þau með tíu manna teymi í kringum sig og eigum við eflaust eftir að sjá enn meira frá þeim á næstu árum. **Hver er ykkar fyrsta hugsun á mánudagsmorgni?** Hvaða dagur er í dag? Hvað er klukkan? Við erum alltaf jafnrugluð eftir helgarfrí en okkur þykir alveg jafngaman að vera í vinnunni eins og að eyða tíma með fjölskyldunni. Á mánudagsmorgnum störtum við deginum með kaffibolla og tökum fagnandi á móti annasamri vinnuviku. **Hvaða upplifun stendur upp úr í starfinu?** Þegar við kynnum vörurnar okkar viljum við að það sé gert með ákveðnu yfirbragði. Við heillumst mikið af því að nota ævintýralegt umhverfi á ljósmyndunum og höfum náð góðu samstarfi við frábæran ljósmyndara, Lisa Klappe.
Þegar við hönnum vöru þá hugsa ég strax frá byrjun í hvernig umhverfi varan eigi að vera. Fyrir mér snýst þetta minna um vöruna sjálfa heldur meira um draumkennda hlutann í kringum hana. Það er að ákveðnu leyti gott því Nathan er með allt aðra sýn og einblínir meira á praktísku hliðarnar. Útkoman verður því ævintýraleg vara með notagildi sem allir geta hugsað sér inn á heimilið, ekki bara til að skoða á einhverju safni. **Segið mér frá samstarfi ykkar við &tradition og frá Light Forest:** Við erum himinlifandi með samstarf okkar og teljum að ljósið, Light Forest, sé nú komið í góðar hendur. Viðtökurnar hafa farið fram úr öllum okkar væntingum. Hönnunin býður upp á marga möguleika, er mjög sveigjanleg og passar því inn í hvert rými. **Hvað hugsið þið út í þegar þið byrjið að hanna vöru, fagurfræði eða virkni?** Hvort tveggja á sama tíma, ég um fagurfræðina og Nathan um virknina. Þið getið ímyndað ykkur umræðurnar sem verða á milli okkar. **Hver er uppáhaldsliturinn ykkar?** Við heillumst af ákveðnum litatónum. Það má sjá greinilega á myndunum okkar að við erum mikið fyrir dökkbláa, gráa og grábleika liti. **Hver er mesta áskorunin sem þið hafið tekist á við á ferlinum?** Að vinna allan sólarhringinn af ástríðu fyrir því sem við erum að gera. Að hanna fallegar vörur en þéna engan pening á meðan. Að missa húsið og vinnustofuna á sama tíma en við vissum að við myndum komast upp aftur og það tókst. **Hvað er það sem þið elskið mest við starfið?** Að sjá hugmyndir verða að veruleika. Þú ert með efni í höndunum og tveimur dögum seinna er komið borð og gluggatjöld. Það er sælutilfinning að skapa. **Hver er hinn fullkomni ferilsdraumur?** Við lifum hann núna. Við búum í litlu húsi, við elskum hvort annað, börnin okkar tvö og stórfjölskylduna og við elskum það sem við erum að vinna að hverju sinni. Auðvitað er alltaf eitthvað sem maður vildi breyta en ef maður er stanslaust að hugsa um framtíðina, þegar maður eignast stórt stúdíó o.s.frv., þá gleymir maður að lifa í núinu og njóta þess sem það hefur upp á að bjóða. Við njótum lífsins eins og það er núna því það er alltaf eitthvað sem getur dregið mann niður, það er hluti af lífinu, en lífið er núna. **Hvaða ráð hefðuð þið gefið sjálfum ykkur þegar þið voruð yngri?** Kynnið ykkur lagið með Baz Lurmann, Everybody's Free (to wear sunscreen), og hlustið vandlega á textann. **Eigið þið uppáhaldsvöru sem þið hafið hannað?** Alltaf jafnerfið spurning en við höldum mikið upp á Treehouses. **Hvað er á döfinni?** Árið 2015 verður spennandi og munum við kynna fullt af nýjum vörum á árinu. Fylgist vel með! **Hvar sjáið þið ykkur eftir fimm ár?** Við verðum fimm árum eldri hér í Eindhoven, með enn meiri reynslu og vonandi búin að sjá meira af heiminum.



TEXTI: ELVA HRUND ÁGÚSTSDÓTTIR MYNDIR: LISA KLAPPE



**Fallegur hengistóll sem nota má innan- og utandyra. Hér getur þú slakað á án þess að finnast þú vera lokaður inni.**



**Þessi dásamlegu ljós bera nafnið Light Forest og eru hönnuð fyrir &tradition. Ljósunum má raða upp að vild á veggi eða loft og mynda þau þannig heilan skóg af fallegri lýsingu.**

**Uppáhaldshönnun teymisins eru litlu tréhúsin sem skreyta stofuplönturnar.**




&tradition er með aðsetur í stóru húsnæði í Papirøen sem stendur hinum megin við Nyhavn í miðri Kaupmannahöfn







Skrifstofur fyrirtækisins eru á efri hæð hússins þar sem burðarbitar skreyta loftið og minna á sögu hússins.



# &TRADITION

## - HÚS OG HÍBÝLI KÍKTI Í HEIMSÓKN

TEXTI: ELVA HRUND ÁGÚSTSDÓTTIR MYNDIR: &TRADITION

Undir lok desembermánaðar síðastliðinn, eða rétt fyrir jól, fór undirrituð til Kaupmannahafnar. Þá ekki í þeim erindagjörðum að anda að sér lyktinni af brenndum möndlum og nýbökuðum eplaskífum með sultu og sykri, heldur var ferðinni heitið í sýningarsal danska hönnunarfyrirtækisins &tradition.
&tradition er ungt fyrirtæki sem hefur skotist hratt upp stjörnustigann en það var stofnað árið 2010 af Martin Kornbek Hansen. &tradition framleiðir húsgögn og ljós, sem spanna tíma frá þriðja áratugnum fram til dagsins í dag, eftir þekkta hönnuði eins og Verner Panton, Arne Jacobsen og fleiri. Sýningarsal og skrifstofu fyrirtækisins er að finna í stórri vöruskemmu í Papirøen sem stendur við höfnina. Papirøen var eitt sinn geymslustaður fyrir pappír og dregur nafn sitt þaðan en á „eyjunni" eru yfir þrjátíu iðnaðarhúsnæði sem lengi stóðu tóm þar til ákveðið var að taka eyjuna undir annarskonar starfsemi og viðburði. Áður var almenningi ekki hleypt inn á svæðið en í dag eru byggingarnar notaðar sem sýningarsalir, listagallerí, undir skrifstofur og matarmarkaði með sælkeravörur frá öllum heimshornum svo eitthvað sé nefnt. Hér hefur stórum, hráum sölum og umhverfi verið umturnað í menningarlegan reit fyrir íbúa og gesti í Kaupmannahöfn sem klárlega er vert að skoða.
Þegar ég steig inn í sýningarsal &tradtition tók á móti mér mikil lofthæð og